



Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Skýrsla stjórnar SASS

fyrir starfsárið 2008 - 2009

Aðalfundur SASS 15. og 16. október 2009

1. Inngangur

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SASS fyrir starfsárið 2008 - 2009. Að venju er sameiginlega um skýrslu stjórnar og yfirlit um starfsemi samtakanna að ræða.

Í stjórn SASS sátu á því starfsári sem nú er að ljúka; Sveinn Pálsson Mýrdalshreppi formaður, Sigurður Ingi Jóhannsson Hrunamannahreppi varaformaður, Guðmundur Þór Guðjónsson Hveragerðisbæ, Margrét Erlingsdóttir Sveitarfélaginu Árborg, Reynir Arnarson Sveitarfélaginu Hornafirði, Unnur Brá Konráðsdóttir Rangárþingi ytra og Elliði Vignisson Vestmannaeyjabæ.

Alls hélt stjórn SASS 9 stjórnarfundi á liðnu starfsári, auka annarra funda sem stjórnarmenn sóttu.

2. Starfsemin á árinu

Hér á eftir verður stiklað á stóru um verkefni samtakanna á starfsárinu og getið helstu mála. Auk þeirra fjallaði stjórnin um fjöldamörg önnur mál og erindi sem henni bárust. Fyrst verður getið funda sem SASS stóð að og tók þátt í á starfsárinu.

Fundir

Þátttaka í fundum. Fulltrúar samtakanna sóttu fjölmarga fundi og ráðstefnur á starfsárinu. Þar má nefna fjármálaráðstefnu og landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, sumarfund landshlutasamtakanna, ársfundi Byggðastofnunar og Jöfnunarsjóðs svo fátt eitt sé nefnt. Haldinn var fundur í desember sl. um fjármál sunnlenskra sveitarfélaga í ljósi efnahagshrunsins og haldinn var fundur með nýkjörnum þingmönnum Suðurkjördæmis í júní sl., þar sem farið var yfir málefni sameiginlegra stofnana sveitarfélaga á Suðurlandi og helstu hagsmunamál.

Nefndir

Fastanefndir SASS voru starfandi á starfsárinu. Tilgangur nefndastarfsins er sá að treysta þá málefnavinnu og hagsmunagæslu sem fram fer á vegum samtakanna. Nefndirnar eru: samgöngunefnd, menntamálanefnd, velferðarnefnd, fjárhagsnefnd og kjörnefnd. Kosið var í nefndirnar á síðasta aðalfundi. Tvær síðastnefndu bættust við sem fastanefndir. Framkvæmdastjóri starfaði með öllum nefndunum.

Mennta- og menningarmálanefnd. Í nefndinni eru: Eydís Indriðadóttir formaður, Ingvar Ingvarsson, María Sigurðardóttir, Jón Hjartarson og Hildur Sólveig Sigurðardóttir. Nefndin skilar yfirliti um störf sín og tillögum til aðalfundarins.

Samgöngunefnd. Í nefndina voru skipuð: Ólafur Eggertsson formaður, Björn Ingi Jónsson, Snæbjörn Sigurðsson, Páll Stefánsson og Eyþór Arnalds. Nefndin hefur skilað skýrslu og tillögum til aðalfundarins og verður fjallað um hana á fundinum.

Velferðarmálanefnd. Eftirtaldir voru skipaðir í velferðarmálanefnd: Unnur Þormóðsdóttir formaður, Guðmundur Gylfason, Bjarni Daníelsson, Margrét Rós Ingólfsdóttir og Árni Rúnar Þorvaldsson. Skýrsla nefndarinnar liggur fyrir þessum fundi.

Fjárhagsnefnd. Í nefndinni sátu: Ragnheiður Hergeirsdóttir formaður, Herdís Þórðardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Margrét Sigurðardóttir og Elvar Eyvindsson. Nefndin skilar álitinu sínu á aðalfundinum.

Kjörnefnd. Nefndina skipuðu: Gunnar Þorgeirsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnlaugur Grettisson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Gylfi Þorkelsson, Jóna Sigurbjartsdóttir og Árni Rúnar Þorvaldsson. Nefndin skilar tillögum um skipan í stjórn og nefndir á aðalfundinum.

Seta í nefndum og ráðum. Fölmargir sitja í nefndum og ráðum af hálfu SASS í ýmsum nefndum utan samtakanna. Þá situr framkvæmdastjóri eins og undanfarin ár í samráðsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytisins og kennarasamtakanna um málefni grunnskólans. Hann situr einnig í verkefnisstjórn um Vaxtarsamning Suðurlands og samráðshópi um Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Tilnefningar í ráð og nefndir. Grímur Hergeirsson var skipaður í Svæðisráð um málefni fatlaðra á Suðurlandi í stað Guðjóns Ægis Sigurjónssonar, sem lést í upphafi árs.

3. Umfjöllunarmál stjórnar

Hér á eftir verður getið helstu mála sem stjórn SASS tók fyrir á fundum sínum auk þeirra sem áður hefur verið getið.

Byggðamál

Stjórnin fjallaði um væntanlega Byggðaáætlun 2010 - 2013 á fyrsta fundi sínum og samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Stjórn SASS telur mjög brýnt vegna þeirrar vinnu sem er framundan við byggðaáætlun 2010 - 2013 að höfð verði nán samvinna við atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga um mótun áætlunarinnar. Tryggt verði að forræði og ábyrgð uppbyggingar verði í höndum heimamanna. Jafnframt verði þess gætt að samþætta byggðaáætlun við svæðisskipulag sveitarfélaga, samgönguáætlun, rammaáætlun um auðlindanýtingu, áætlanir um þjónustuuppbyggingu ráðuneyta og áætlanir um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.“

Starfsmenn SASS og APS skiluðu einnig álitni en í athugasemdum þeirra kom fram áhersla á samþættingu byggðaáætlunar við aðrar opinberar áætlanir, svæðisbundnar áætlanir og meiri áhrif heimamanna við gerð byggðaáætlunar. Einnig lögðu þeir til að ný byggðaáætlun feli í sér áherslu á aukna menntun, að samgöngur verði eflar, að auðlindanýting innan hvers svæðis verði í fyrirrúmi, að grasrót atvinnulífsins verði nærð og að meiri áhersla verði lögð á styrkleika hvers svæðis við atvinnuuppbyggingu.

Nú liggur fyrir niðurstöður skýrslu starfshóps samgönguráðherra um starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga og tillögur að framtíðarfyrirkomulagi svæðisbundinnar samvinnu. Í niðurstöðunum kemur fram að samræma þurfi opinberar áætlanir og stefnur og að landshlutasamtök sveitarfélaga séu best til þess fallin að taka að sér einskona samþættingarhlutverk, hvert á sínu svæði. Á vegum forsætisráðuneytisins er stýrihópur að stöfum sem hefur það hlutverk að vinna sóknaráætlun fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða og samþætta áætlanir tengdar byggðamálum og er niðurstaðna að vænta á næstunni. Gerð verður grein fyrir starfi stýrihópsins á aðalfundinum.

Málefni Suðurlandsvegjar

Tvöföldun Suðurlandsvegjar var mjög á dagskrá stjórnar og samgöngunefndar. Stjórnin samþykkir eftirfarandi ályktun um málið snemma á þessu ári:

„Stjórn SASS ítrekar þá stefnu samtakanna að öll leiðin frá Selfossi til Reykjavíkur verði tvöfölduð bæði vegna sívaxandi umferðar og aukins umferðaröryggis. Stjórn SASS minnir á að umrædd leið er hættulegasti vegarkafliinn í íslenska vegakerfinu þegar litið er til alvarlegara slysa undanfarna áratugi og engin samgönguframkvæmd brýnni. Samtals hafa orðið 870 umferðarslys og óhöpp á þessari leið á árabílinu 2002 til 2008, þar af 12 banaslys og 28 alvarleg slys. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggja gríðarlega áherslu á að stjórnvöld standi við markaða stefnu um tvöföldun vegjarins.“

Í kjölfar þessarar ályktunar óskaði stjórnin eftir fundi með samgönguráðherra um málið. Samgönguráðherra hélt síðan kynningarfund um fyrirhugaðar framkvæmdir við tvöföldun Suðurlandsvegjar þar sem kom fram að bjóða átti út fyrsta áfanga við tvöföldun vegjarins frá Litlu kaffistofunni og niður að Lögbergsbrekku. Á fjárlögum voru um 1,5 milljarður króna ætlaðar til verksins. Á fundinum kom einnig fram að áhugi væri á að fá lífeyrissjóði að frekari fjarmögnun framkvæmda. Á fundinum var einnig kynnt að stefnan væri að tvöfalda veginn frá Selfossi að Kambabrunn. Þaðan yrði svokalluð 2 + 1 vegur að Litlu kaffistofunni og síðan 2 + 2 vegur frá henni til Reykjavíkur. Þessum hugmyndum var vel tekið af þeim fulltrúum sveitarfélaga sem sátu fundinn. Stjórn SASS fagnaði þessum mikilvæga áfanga og lagði áherslu á að unnið yrði hratt að næstu áföngum verksins þannig að Suðurlandsvegur yrði fullbúinn innan fárra ára. Í júnímánuði tóku stjórnvöld hins vegar þá ákvörðun að öllum framkvæmdum sem ekki væri hafnar yrði frestað a.m.k til næsta árs, en óljóst var um hugsanlega aðkomu lífeyrissjóða. Málið var því strandað.

Annar fundur var haldinn með samgönguráðherra 1. júlí sl. Hann var haldinn að ósk SASS í kjölfar blaðafréttar og viðtals við samgönguráðherra um að stefnt væri að hefja samgönguframkvæmdir með aðkomu lífeyrissjóða. Þar var einnig fjallað um forgangsöröðun þeirra framkvæmda. Byrjað yrði á þeim framkvæmdum þar sem undirbúningi væri lokið og hægt að bjóða út um leið og samkomulag við lífeyrissjóðina lægi fyrir. Nefnd voru sérstaklega jarðgöng í gegnum Vaðlaheiði og bygging samgöngumiðstöðvar í Reykjavík í því sambandi. Á fundinum kom fram mikil óánægja sunnlenskra sveitarstjórna með að tvöföldun Suðurlandsvegjar virtist ekki vera á dagskrá og ítrekuðu nauðsyn þeirrar framkvæmdar. Í kjölfarið samþykktu bæjarstjórnir í Árborg og Hveragerði ályktanir þar sem þessum hugmyndum var mótmælt. Stjórn SASS samþykkti af þessu tilefni eftirfarandi ályktun:

„Stjórn SASS ítrekar afstöðu samtakanna um nauðsyn tvöföldunar Suðurlandsvegjar á milli Selfoss og Reykjavíkur. Við forgangsöröðun framkvæmda í vegagerð hlýtur breikkun Suðurlandsvegjar að vera í fyrsta sæti.

Kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er mjög mikil og vaxandi umferð um Suðurlandsveg. Í öðru lagi er slysatíðni á veginum há og því brýn nauðsyn á úrbótum. Í þriðja lagi liggur fyrir að arðsemi tvöföldunar er mjög mikil, sbr. svar samgönguráhherra við fyrirspurn á Alþingi 11. ágúst sl. Í fjórða og síðasta lagi er ljóst að almenningur telur þessa framkvæmd langbrýnasta úrlausnarefnið í samgöngumálum þjóðarinnar, sbr. nýgerða skoðanakönnun Gallup. Þá liggur fyrir að skipulagsmál standa ekki í vegi fyrir því að hægt sé að hefja verkið og nú þegar er hluti leiðarinnar tilbúinn til útboðs hjá Vegagerðinni. Í ljósi alls þessa skorar stjórn SASS á Alþingi og samgönguráðuneyti að séð verði til þess að breikkun Suðurlandsvegur verði forgangsverkefni.“

Stjórn SASS ítrekar enn og aftur þá kröfu sunnlenskra sveitarfélaga, sem algjör samstaða er um, að í þessar lífsnauðsynlegu framkvæmdir verði ráðist sem allra fyrst og nýtt verði þau tækifæri sem nú bjóðast til fjármögnunar af hálfu lífeyrissjóðanna.

Málefni heilbrigðisþjónustunnar á Suðurlandi

Í upphafi árs barst erindi frá Heilbrigðisráðuneytinu þar sem kynnt voru áform um sameiningu heilbrigðisstofnana og jafnfarmt bærust fréttir af fyrirhuguðum niðurskurði á þjónustu varðandi sameiningu heilbrigðisstofnana. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

„Stjórn SASS lýsir mikilli óánægju með þær hagræðingaraðgerðir sem felast í sameiningu heilbrigðisstofnana á svæðinu sem munu skerða þjónustu og fækka störfum á landsbyggðinni. Er það í hróplegri mótsögn við þá stefnu ríkisvaldsins að fjölga beri opinberum störfum á landsbyggðinni ef þess er kostur.

Stjórn SASS mótmælir harðlega þeirri ákvörðun að leggja niður vaktþjónustu á skurðdeild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi sem mun leiða til lokunar á fæðingarþjónustu stofnunarinnar þar sem óhugsandi er talið að starfrækja fæðingardeild sem ekki er studd af fæðingarlækni á bakvakt. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að að fæðingar á síðasta ári voru um 200 talsins auk allrar annarrar þjónustu sem fæðingardeildin veitir. Þessi þjónusta færir því til Landsspítalans með öllu því óhagræði sem því fylgir fyrir notendur þjónustunnar. Auk þess er bent á að öryggi sjúklinga og sængurkvenna getur verið ógnað vegna ótryggra samgangna að vetri til.

Stjórn SASS lýsir einnig yfir mikilli óánægju með þá ákvörðun að færa yfirráð Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja frá Vestmannaeyjum. Fordæmin sýna að sú aðferðarfræði að flytja forræði stofnana frá þjónustusvæðunum leiðir jafnan til skerðingar á þjónustu. Samgöngum við Vestmannaeyjar er enn fremur þannig háttað að til þess að komast á Selfoss þurfa Eyjamenn að ferðast í um 4 tíma.

Stjórn SASS telur einsýnt að vegna landfræðilegrar sérstöðu Vestmannaeyja og Hornafjarðar verður ekki um samrekstrarmöguleika að ræða milli þessara stofnana.

Þá leggur stjórn SASS áherslu á að sveitarfélög hafi eftir sem áður möguleika á að yfirtaka rekstur heilbrigðisstofnana með þjónustusamningum við yfirvöld sbr. þann samning sem verið hefur í gildi við Sveitarfélagið Hornafjörð.“

Stjórnin ítrekaði síðan þessa afstöðu á fundi sínum í mars og lýsti einnig sérstökum áhyggjum vegna fyrirhugaðrar skerðingar á sjúkraflutningum sem er ein af grunnstöðum í öryggisþjónustu fyrir íbúa svæðisins.

Skipuð var nefnd af heilbrigðisráherra 5. mars, sem í sátu af hálfu heimamanna framkvæmdastjóri SASS, formaður bæjarráðs Árborgar og formaður Sambands sunnlenskra kvenna. Hlutverk nefndarinnar var að útfæra samhæfingu starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og meginstarfsemi Landsspítala. Í kjölfarið voru dregin til baka áform um sameiningu heilbrigðisstofnana á Suðurlandi og einnig var hætt við skerðingu á starfsemi skurðstofu og fæðingardeildar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Enn eru blikur á lofti þar sem boðaður hefur verið 7% niðurskurður á fjárlögum næsta árs til heilbrigðismála. Stjórn SASS leggur mikla áherslu á að nærþjónusta við íbúa á Suðurlandi verði ekki skert enda þótt gripið verði til hagræðingaraðgerða.

Atvinnumál á Suðurlandi.

Orku- og auðlindamál. Stjórn SASS barst bréf frá Sveitarfélaginu Ölfuss í marsmánuði, um Suðvesturlínur ásamt umsögn til Skipulagsstofnunar. Stjórn SASS tók undir það sjónarmið Sveitarfélagsins Ölfuss að nýta beri orku sem framleidd er á Suðurlandi eins og kostur er í landshlutanum og brottflutningur hennar geti staðið í vegi fyrir uppbyggingu atvinnutækifæra á Suðurlandi. Stjórnin ítrekaði í þessu sambandi ályktun Ársþings SASS sem haldið var í nóvember sl.:

„Ársþing SASS 2008 telur í ljósi alvarlegs efnahagsástands enn meira áriðandi en nokkru sinni áður að standa vörð um sunnlenskt samfélag, sunnlenskt atvinnulíf og sunnlenskar auðlindir. Til að verja þessa mikilvægu, en viðkvæmu hagsmuni, lýsir ársþing SASS 2008 því yfir að ekki verði fallist á að sunnlensk orka verði nýtt til stóriðjuuppbyggingar utan landsfjórðungsins. Auðlindanýting og orkuframleiðsla á Suðurlandi krefst fórna, sem ekki er ásættanleg, nema með áþreifanlegum ávinningi fyrir sunnlenskt samfélag. Sunnlensk auðlindanýting á að leysa úr læðingi sunnlenskt frumkvæði og verða segull nýrra hugmynda og fjármagns til að hlúa að, efla og byggja upp sunnlenskt atvinnulíf.“

Stjórn SASS er enn sama sinnis og áréttar þessa afstöðu síðasta ársþings samtakanna.

Sjávarútvegsból. Á fundi stjórnarinnar í ágúst komu málefni sjávarútvegsins til umræðu og var eftirfarandi ályktun samþykkt í kjölfarið:

„Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga varar sterklega við svokallaðri fyrningarleið í sjávarútvegi og telur hana skaðlega fyrir atvinnulíf sjávarbyggða.

Sveitarfélög á starfssvæði SASS byggja m.a. grundvöll sinn á sjávarútvegi og felst styrkur útgerðarinnar í fjölbreytileika veiða og vinnslu. Bein störf í sjávarútvegi á starfssvæði SASS eru ríflega 1600 og eru sjávarútvegsfyrirtæki kjölfesta sjávarbyggða. Öllum má því vera ljóst að ef hriktir í stoðum sjávarútvegsins, þá hefur það róttæk áhrif á alla samfélagsgerð þar. Kjölfesta atvinnulífs er skilyrði fyrir því að þróun, nýsköpun og nýjar atvinnugreinar fái þrífist.

SASS vísar til umfjöllunar um nýja úttekt Deloitte sem bendir á að verði fyrningaleiðin farin munu sjávarútvegsfyrirtæki verða gjaldþrota á fáum árum. Enn fremur kemur þar fram að slíkt yrði til þess að miklar skuldir myndu við það lenda á ríkisbönkunum og óvíst yrði með framtíð þeirra.

Nú þegar hafa tugir sjávarbyggða varað mjög eindregið við boðaðri fyrningaleið ríkisstjórnar. Þessi sömu byggðarlög hafa einnig bent á að stefna ríkisstjórnar í sjávarútvegsbólum séu nú þegar farin að valda skaða í sjávarbyggðum enda halda fyrirtækin að sér höndum í því óvissuástandi sem ríkir. Boðuð stefna eykur atvinnuleysi og skaðar íbúa í sunnlenskum sveitarfélögum eins og víðar. Því hvetur stjórn SASS ríkisstjórn til að gefa sem fyrst út yfirlýsingu þess efnis að horfið verði frá boðaðri fyrningarleið. Einungis þannig er hægt að afstýra frekari skaða.

Stjórn SASS hvetur ríkisstjórn Íslands til að vinna með hagsmunaaðilum og sveitarfélögum í landinu að því að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið þannig að sanngirni sé gætt. Sanngirnin er ekki fólgin í því að setja fyrirtæki og sveitarfélög í rekstrarvanda. Fiskveiðistjórnunarkerfið er mannanna verk og stjórn SASS telur mikilvægt að það sé sífellt til endurskoðunar en þó þannig að stöðugleika sé gætt, bæði fyrir fyrirtækin, starfsmennina og ekki síst íbúa sveitarfélaga sem eiga allt sitt undir.

Vilji stjórnar SASS er sá hinn sami og kemur fram í ályktunum þeirra tuga sjávarbyggða sem ályktað hafa gegn fyrningarleið ríkisstjórnar. Viljinn er að skapa vinnufrið um sjávarútveg þannig að horfa megi til lengri tíma. Hin sameiginlega sannfæring er að sjávarútvegurinn gegni lykilhlutverki í endurreisn hagkerfisins.“

Umsagnir um þingmál

Að vanda fengu samtökin fjölda mála til umsagnar frá Alþingi. Skal nokkurra þeirra getið hér á eftir.

Frumvarp til laga um tekjuskatt, 41. mál, ferðakostnaður.

Mælt er með samþykkt tillögunnar. Með stækkun atvinnusvæða sækja margir vinnu um langan veg, ekki síst Sunnlendingar. Í stækkun atvinnusvæðanna felst veruleg þjóðhagsleg hagkvæmni og því eðlilegt að veita fólki skattaívilnun af þeim ástæðum.

Tillaga til þingsályktunar um líkanatilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, 42. mál.

Mælt er með samþykkt tillögunnar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um gatnagerðargjald, 185. mál.

Mælt er með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu á 9. gr. að gert verði ráð fyrir 180 daga endurgreiðslufresti sveitarfélaganna í stað 90 daga frests.

Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013, 192. mál.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en bendir hins vegar á nauðsyn þess að formlegt samráð sé haft við sveitarstjórnir við gerð náttúruverndaráætlunar í ljósi þess að sveitarfélög fara með skipulagsvald bæði hvað varðar svæðis- og aðalskipulag. Þá liggur ekki fyrir hvort samþykkt tillögunnar kallar á endurskoðun skipulagsáætlana sveitarfélaganna með tilheyrandi kostnaði. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld tryggi nauðsynlegt fjármagn til þeirrar náttúruverndar sem tillagan gerir ráð fyrir.

Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013, 52. mál.

Stjórn SASS vekur athygli á því að sveitarstjórnir á Suðurlandi og stjórn SASS gerðu miklar athugasemdir við samljóða tillögu sem lögð var fram á síðastliðnu þingi og vísar til þeirra og ítrekar fyrri afstöðu.

Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 187. mál, heildarlög.

Engar efnislegar athugasemdir eru gerðar við frumvarpið að öðru leyti en því að tryggja þarf öflugri stuðning af hálfu ríkisins við fráveituf framkvæmdir sveitarfélaga. Eðlilegt er að sá stuðningur miðist við að sveitarfélögin fái virðisaukaskatt endurgreiddan vegna fráveituf framkvæmda. Stjórn SASS leggur til að ákvæði þar um verði bætt inn í frumvarpið.

Frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES samninginn. 258. mál.

Stjórn SASS leggst gegn samþykkt frumvarpsins þar sem ekki hefur verið metinn kostnaður sveitarfélaganna af þeim breytingum sem það hefur í för með sér. Flest bendir þó til að kostnaður sveitarfélaganna muni aukast vegna þess að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eru falin ný verkefni án þess að þeim sé bættur sá kostnaðarauki sem af því hlýst. Jafnframt leiða breytingarnar til aukinnar skörunar eftirlits Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga sem mun hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir fyrirtækin sem í hlut eiga og hið opinbera eftirlit.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húsitunarkostnaðar, 397. mál.

Mælt er með samþykkt frumvarpsins, en bent á að þörf er á áframhaldandi stofnstyrkjum til nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar.

Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 – 2013, 52. mál.

Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, persónukjör.

Stjórn SASS tekur undir það megin sjónarmið frumvarpsins að auka beri áhrif kjósenda á það hvaða einstaklingar verði kjörnir til sveitarstjórna. Stjórnin telur þó að ýmsir vankantar séu á frumvarpinu sem þurfi að sníða af og einnig þurfi að bæta inn ákvæðum áður en það verður afgreitt. Jafnframt telur stjórnin að gefa þurfi góðan tíma til að undirbúa breytingar og að tæpast sé tími til þess þar sem hefðbundinn undirbúningur að kosningum hefst innan nokkurra vikna. Þá vill stjórn SASS benda á þann annmarka sem fylgir nýju fyrirkomulagi ef frumvarpið verður samþykkt að sú barátta á milli einstaklinga sem fylgt hefur prófkjörum flokkanna blandast nú saman við kosningabaráttuna sjálfa.

Í frumvarpinu þarf að skýra betur framkvæmd utankjörstaðaatkvæðagreiðslu, þannig að ljóst sé að kjósandi geta raðað á lista. Sama gildir ef aðeins einn listi býður fram, þá væri það í anda laganna að hafa listann óraðaðan þannig að kjósandinn geti raðað frambjóðendum eftir sínu höfði. Þá þarf að huga að því hvernig standa á að röðun á lista kosningabandalaga.

4. Rekstur SASS

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Í samræmi við afgreiðslu aðalfundar SASS 2008 var fjárhagsáætlun samtakanna tekin til endurskoðunar að loknum fyrsta ársfjórðungi. Samþykkt var endurskoðuð áætlun, en samkvæmt henni lækkuðu heildargjöld sveitarfélaganna frá síðasta ári um kr. 2.700.000 eða um 30% og árgjöld pr. íbúa lækkuðu úr kr. 383 í kr. 240 eða um 37%. Munurinn á hlutfallstölunum stafar af inngöngu Sveitarfélagsins Hornafjarðar í samtökin. Samkvæmt áætluninni

lækkuðu gjöld annarra stofnana á Austurvegi 56 vegna sameiginlegs reksturs um kr. 810.000.

Skrifstofa SASS.

Skrifstofan sér um bókhald og annað almennt skrifstofuhald fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands, Sorpstöð Suðurlands, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og SASS. Þá sér skrifstofan um allt bókhald fyrir Fræðslunet Suðurlands. Önnur þjónusta skrifstofunnar við sveitarfélögin hefur verið með hefðbundnum hætti, upplýsingagjöf ýmiss konar og aðstoð. Í upphafi árs kom Sólveig Sjöfn Ragnarsdóttir til starfa á skrifstofu SASS. Hún er í hálfu starfi.

5. Lokaorð

Stjórn SASS vonast til þess að áfram verði samstaða um brýnustu hagsmunamál sunnlendinga og að sveitarstjórnirnar nýti hinn sameiginlega vettvang í því skyni. Árið hefur að verið flestum sveitarfélögunum erfitt. Efnahagshrunið hefur leitt til margvíslegra vandamála sem sveitarfélögin þurfa að glíma við. Þá hafa tekjur sveitarfélagana skerst og skuldir hækkað.

Á komandi starfsári mun verða mikil breyting á samgöngum á Suðurlandi og þeim felast mikil tækifæri fyrir mörg sveitarfélög. Ný brú yfir Hvítá og tilkoma Landeyjahafnar mun gera sveitarfélögum á þeim svæðum kleift að vinna enn nánar saman en verið hefur. Stjórn SASS hvetur sveitarfélög til aukins samstarfs og samvinnu.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga starfsárið 2008 - 2009 þakkar starfsmönnum samtakanna og samstarfsstofnana fyrir gott samstarf á liðnu starfsári. Stjórnin þakkar einnig öllum sveitarstjórnnum og embættismönnum sveitarfélaga á Suðurlandi fyrir samstarf á starfsárinu.